



## Keppnisgreinar í Hjólað í vinnuna

Keppnisgreinar í *Hjólað í vinnuna* eru tvær:

1. **Vinnustaðakeppni** þar sem keppt er um flesta þáttökudaga hlutfallslega miða við heildarfjölda starfsmanna á vinnustaðnum.
2. **Kílómetrakeppni** þar sem keppt er á milli liða um annars vegar heildarfjölda kílómetra og hins vegar hlutfall kílómetra miða við fjölda liðsmanna í liði.

### Vinnustaðakeppnin:

Keppt er í átta keppnisflokkum um flesta þáttökudaga hlutfallslega m.v. heildarfjölda starfsmanna á vinnustaðnum. Vinnustaðir raðast upp í eftirfarandi flokka: **3-9 starfsm., 10-19 starfsm., 20-39 starfsm., 40 – 69 starfsm., 70-129 starfsm., 130-399 starfsm., 400-799 starfsm. og 800 o.fl starfsm.**

Allir vinnustaðir og lið þar undir skrást sjálfkrafa í þessa keppni. Í hverjum keppnisflokki eru veittir viðurkenningarskildir til þeirra þriggja vinnustaða sem verða með hæsta hlutfall þáttökudaga.

**Útreikningar á hlutfalli daga:** Á vinnustað vinna 100 manns. 60 af þessum 100 tóku þátt í Hjólað í vinnuna og hjóluðu samtals í 680 daga á meðan á átakinu stóð. Þessi vinnustaður reiknast þá út með hlutfallið: 680 dagar / 100 starfsmenn = 6,8 dagar/starfsmann.

*Athugið að þó svo að skráðir séu inn þeir kílómetrar sem liðsmenn fara í vinnustaðakeppninni er ekki keppt um hlutfall kílómetra innan vinnustaða eins og verið hefur síðustu ár.*

### Kílómetrakeppnin (liðakeppni):

Í kílómetrakeppninni er keppt í einum keppnisflokki milli liða um annars vegar **heildarfjölda kílómetra** og hins vegar um **hlutfall kílómetra** miðað við fjölda liðsmanna í liði. Lið geta valið um það hvort þau taka þátt í þessari keppni eða ekki. Til þess að skrá sig til leiks í kílómetrakeppnina hakar liðsstjóri við í reitinn Tekur þátt í kílómetrakeppninni þegar hann skráir liðið til leiks. Ath. að lágmarksfjöldi í liði í þessari keppni er 3 og hámarksfjöldi eru 10 liðsmenn. Liðið birtist ekki undir "Staða í kílómetrakeppni" fyrr en búið er að skrá 3 liðsmenn í liðið.

Hægt verður að skrá sig í kílómetrakeppnina eftir á. Liðið er þá skráð til leiks í keppnina með því að haka í reitinn "Tökum þátt í kílómetrakeppninni" á liðsstjórnunnar síðunni.

Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin, annars vegar fyrir **heildarfjölda kílómetra** og hins vegar fyrir **hlutfall kílómetra** miðað við fjölda liðsmanna í liði, samtals 6 verðlaun.

**Útreikningar í kílómetrakeppni:** Undir „Heildarvegalengd“ birtist heildarfjöldi kílómetra sem liðið hefur hjólað en undir „Hlutfall KM“ birtist hlutfall kílómetra á hvern liðsmann, en það er reiknað út sem: **Hlutfall KM = Samtals KM / fjöldi liðsmanna**

Nánari upplýsingar eru á [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is)

Samstarfsaðilar

